



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 105 Reykjavík

Akureyrarbær
Umhverfiseild
Geislagötu 9
600 Akureyri

19. janúar 2005

Tilvísun: UST20040900118/sf

Breyting á aðalskipulagi Akureyrarbæjar og deiliskipulag Akureyrarflugvallar

Akureyrarbær hefur auglýst tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2028 og tillögu að deiliskipulagi Akureyrarflugvallar. Til lagan að breytingu á aðalskipulagi felur í sér eftirfarandi atriði:


1. Stækkun athafnasvæðis við flugvöllinn vegna nýrra lóða fyrir flugskýli og vörugeymslur.
2. Stækkun öryggissvæða meðfram flugbraut og við enda hennar. Öryggissvæðin verða að hluta til á nýjum landfyllingum.
3. Ný stofnanalóð fyrir slökkvistöð, í nýrri landfyllingu.
4. Breytt afmörkun verndunarsvæðis, verndun verði létt af leirum og álum vestan og norðan flugvallarsvæðis.

Í deiliskipulagstillögunni er gerð nánari grein fyrir útfærslu ofantalinna atriða.


Umhverfisstofnun vill hér með ítreka athugasemdir og ábendingar er fram koma í umsögn stofnununarinnar frá 23. nóvember sl. Stofnunin telur ljóst að þær framkvæmdir sem fyrrgreindar skipulagstillögur gera ráð fyrir muni hafa töluverð áhrif á svæði sem í dag eru mikilvæg fyrir fugla, bæði sem varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Stofnunin telur það miklu skipta að Kjarnaflæðum verði ekki raskað vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf. Það er mat Umhverfisstofnunar að vegna þessa eigi að endurskoða framangreindar skipulagsáætlanir með það í huga að draga úr áhrifum framkvæmda á fuglalíf.

Vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr ósasvæði Eyjafjarðarár vill Umhverfisstofnun ítreka nauðsyn þess að gerð verði frekari úttekt á hugsanlegum áhrifum efnistöku á Leirunum í Eyjafirði, sbr. ábendingar í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá desember 2002. Stofnunin telur rétt að ekki verði farið í frekari efnistöku þar fyrir en slík úttekt hefur farið fram.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs